

borða við þá, er þeir sáu hann fyrst, og bar þeim því að víkja. Þótt v/b Kári rekist síðar á bakborðskinnung v/b Ársæls, hnekkir þessu ekki, því þá er v/b Ársæll búinn að snúa upp að Klettinum og í veg fyrir v/b Kára. Með tilliti til þess, að framburður Ársæls-
manna er rangur um jafn veigamiklið atriði, þykir einnig var-
hugavert að taka tillit til neitunar þeirra um að hafa beygt til
bakborða. Með hliðsjón af því, er nú hefur verið greint, fær rétt-
urinn ekki séð, að v/b Kára verði gefin sök á árekstrinum. Sigling
v/b Kára og stjórnök formannsins virðast að öllu leyti réttlæt-
leg, og þegar árekstur er fyrirsjáanlegur, er það gert, sem hægt er,
til þess að draga úr tjóninu með því að bakka fullt með vélinni,
það sem Ársælsmenn létu hins vegar hjá líða. Samkvæmt þessu
þykir verða að sýkna hina stefndu af kröfum stefnenda að öllu
leyti, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms þessa, sem
stafar af því, að annar meðdómendanna hefur verið í stöðugum
siglingum, síðan málið var tekið til dóms.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndir, eigendur v/b Kára, Þórdís Guðjónsdóttir, Jóhann
Sigfússon, Óskar Jónsson og Þórarinn Guðjónsson, skulu vera
sýknir af kröfum stefnenda, eigenda v/b Ársæls, í máli þessu,
Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 14. desember 1945.

Nr. 89/1945. **H/f Valur** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn

eigendum og skipverjum á Óla Garða G.K. 190
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Setudómarar hrl. Einar B. Guð-
mundsson og hrl. Theódór B. Lín-
dal í stað hrd. Árna Tryggvasonar
og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar
með stefnu 19. júlí þ. á., krefst þess, aðallega að honum verði
einungis dæmt að greiða stefndu kr. 60000.00, en til vara, að
fjárhæð sú, sem honum var dæmt að greiða í héraði, verði
færð niður eftir mati dómsins. Svo krefst áfrýjandi þess, að

málskostnaður í héraði verði látinn falla niður, en stefndu verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og þeim verði dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins. Eftir því sem upp hefur komið hér fyrir dómi, þykir sannað, að töf „Óla Garða“ vegna bjargstarfsins hafi ekki farið fram úr hálfum öðrum sólarhring. Samkvæmt þessu og með skírskotun til þeirra atriða um björgunina, sem rakin eru í héraðsdómnum. Þykja bjarglaunin hæfilega ákveðin kr. 140000.00 með vöxtum eins og í héraðsdómi segir. Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals í héraði og fyrir hæstarétti kr. 10000.00.

Samkvæmt 1. tölulið 236. gr. siglingalaga nr. 56/1914 ákveðst sjóveðréttur í b/v Þorfinni RE 33 til tryggingar bjarglaunum og málskostnaði.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, h/f Valur, greiði stefndu, eigendum og skipverjum á b/v Óla Garða G.K. 190 kr. 140000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. febrúar 1945 til greiðsludags svo og samtals kr. 10000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Eiga stefndu sjóveðrétt í b/v Þorfinni R.E. 33 til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 25. apríl 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m., hafa eigendur og skipverjar á b/v Óla Garða G.K. 190 höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 10. febr. s. l., gegn h.f. Val hér í bænnum. Gera stefnendur þær dómkröfur, aðallega að stefndi verði dæmdur til greiðslu björgunarlauna, að fjárhæð kr. 500000.00, en til vara annarrar lægri fjárhæðar eftir mati dómsins. Í báðum tilvikum krefjast stefnendur 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðslu-

dags, málskostnaðar að skaðlausu svo og viðurkenningar á sjóveðrætti í b/v Þorfinni RE 33 til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Samtryggingu islenzkra botnvörpunga hefur og verið stefnt til réttargæzlu í málinu.

Stefndi krefst þess, aðallega að sér verði aðeins gert að greiða kr. 60000.00, en til vara aðra hæfilega fjárhæð eftir mati dómsins. Í báðum tilvikum krefst stefndi, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málsatvik eru þau, að þann 26. febrúar 1944 bilaði ketill b/v Þorfinns, þegar hann var á leið frá Reykjavík til Fleetwood, en það er eign stefnda. Var skipið stöðvað vegna þessarar bilunar kl. 08.12 og var þá státt á 58°38' N. br. og 11°55' V. lgd. Strax og gufan, sem streymdi út úr katlinum, minnkaði, kom í ljós, að báðir „fyrar“ voru mikið signir, og töldu stjórnendur b/v Þorfinns auðsætt, að skipið kæmist ekki hjálparlaust ferða sinna. Togarinn Óli Garða var á sömu leið og b/v Þorfinnur, og höfðu skipin haft samflot. Voru ljósmerki gefin b/v Óla Garða kl. 08.35 um, að b/v Þorfinnur væri hjálparþurfi. Ljósmerkin voru endurtekin kl. 08.55, og þá sent svo hljóðandi skeyti: „Ketillinn brenndur niður, getum ekki bjargað okkur sjálfir.“ Þar sem erfitt var að senda ljósmerki vegna kvikunnar, var innsigli talstöðvarinnar jafnframt rofið og talstöðin notuð tvisvar. Strax og skipverjar b/v Óla Garða fengu vitneskju um ástand b/v Þorfinns, fór þeir að undirbúa að koma dráttartaugum milli skipanna. Skutu þeir tveim skotum úr línubyssu, og heppnaðist hið síðara kl. 12.10. Var síðan togvir dreginn yfir í b/v Þorfinn. Kl. 13.18 lagði b/v Óli Garða af stað með b/v Þorfinn í eftirdragi á hægri ferð, en full ferð var sett á kl. 14.00. Meðan verið var að koma dráttartaugum milli skipanna, var NA stormur, 6 eða 8 vindstig, og sjór eftir því. Eftir að skipin voru komin af stað, gekk drátturinn vel. Virðist ferðin hafi verið um 4—5 sjómilur til Barra-Head, en úr því um 6—6¼ sjóm., enda var veður gott eftir það. Þann 29. febr., kl. 08.00, voru skipin stöðvuð fyrir utan Fleetwood. Var b/v Þorfinnur dreginn að stjórnborðshlið b/v Óla Garða og lásað úr keðjunni, sem b/v Þorfinnur var dreginn með. Var keðjan og akkerið látið um borð í b/v Þorfinn. Meðan verið var að þessu, var vestankaldi og mikill straumur, og slógust skipin töluvert saman. Bognuðu 4—5 skjólbórðsstyttur á b/v Þorfinni, og 3 plötur í hlið þess dælduðust. B/v Óli Garða dældaðist á stb.-skjólborði fyrir framan svelg, og nokkrar styttur bognuðu. Kl. 3.20 kom dráttarbátur, sem dró b/v Þorfinn inn í höfnina í Fleetwood. — Aðiljar eru sammála um, að hjálp sú, er b/v Óli Garða innti af hendi, teljist björgun samkvæmt 229. gr. siglingalaganna, en þar sem ekki hefur náðst samkomulag um upphæð björgunarlaunanna, er til máls þessa stofnað.

Stefnendur byggja kröfur sínar á því, að björgunin hafi tekizt vel, enda hafi framangreindur árekstur skipanna stafað af náttúruvöldum, er ekki mátti við gera. Bjargendur hafi sýnt verklagni og atorku, þar sem aðstæður hafi verið mjög erfiðar, þegar skipin voru lásuð saman. B/v Þorfinnur hafi verið í mjög mikilli hættu, þar sem hann hafi verið ósjálfbjarga út á reginhafi á ófriðarhættusvæði, enda allra veðra von á þessum árstíma. Bjargendur hafi orðið fyrir tjóni við björgunina, bæði hafi dráttartaugar eyðilagzt og eins hafi skipið sjálft erfiðað mikið, meðan björgunarstarfið fór fram, og skemmt við fyrrgreindan árekstur. Loks séu verðmæti þess bjargaða yfir 650 þúsund krónur.

Stefndi byggir kröfur sínar á því, að björgunin hafi ekki tekizt fullkomlega, þar sem b/v Þorfinnur hafi orðið fyrir skemmdum, meðan björgunarstarfið fór fram, en sök þess verði öll að falla á skipstjórnarmenn b/v Óla Garða, þar sem það skip hafi verið stjórnhaft, en b/v Þorfinnur ekki. B/v Þorfinnur hafi ekki verið staddur í neinni sérstakri hættu, enda beri iðgjöld fyrir stríðs-tryggingu það með sér, að kabátahætta hafi verið lítil um þessar mundir. Björgunarstarfið hafi ekki verið neinum sérstökum erfiðleikum bundið, og bjargendur hafi ekki sýnt sérstaka verklagni, þar sem b/v Þorfinnur hafi orðið fyrir tjóni, eins og fyrr greinir. Þá telur stefndi, að töf b/v Óla Garða hafi aðeins verið 28 klukkustundir, þar sem hann hafi einmitt verið á leið til þess staðar, þar sem drættinum lauk. B/v Óla Garða hafi ekki verið stofnað í neina hættu vegna björgunarinnar, og verðmæti hins bjargaða telur stefndur vera um kr. 620000.00.

Það er leitt í ljós í málinu, að farmur b/v Þorfinns, sem var fiskur, var seldur á hámarksverði í Fleetwood. Björgunin hafi því tekizt fullkomlega, að því er farminn varðar, og, eins og aðstæður voru, verður að telja, að björgun skipsins hafi tekizt vel. Björgunin var unnin af verklagni, enda aðstæður mjög erfiðar, þar sem b/v Þorfinnur gat aðeins gefið út 45 faðma af keðju, svo bilið milli skipanna var fullstutt í því veðri og sjó, sem var. B/v Óli Garða virðist hafa dregið b/v Þorfinn samtals um 420 sjómílar og tafizt vegna björgunarstarfsins tæpa tvo sólarhringa. Eins og aðstæðum hefur veri lýst hér að framan, verður b/v Þorfinnur að teljast hafa verið staddur í mikilli hættu, en auk þess var farmur skipsins í sérstakri hættu, þar sem hann þoldi enga töf. B/v Óla Garða var stofnað í aukna hættu, þar sem hann varð að vera lengur á hættusvæði vegna björgunarstarfsins. Leitt er í ljós, að b/v Óli Garða lagði til tvo 200 faðma togvira, sem notaðir voru við dráttinn og eyðilögðust að mestu. Um verðmæti þess bjargaða er leitt í ljós, að togarinn Þorfinnur var þann 6. febrúar 1945 metinn af tveim dómkvöddum mönnum á kr. 720000.00, en eftir björgunina höfðu farið fram viðgerðir á skipinu í Englandi. Var við-

gerðarkostnaðurinn samtals £ 10443—10—6, og virðist hann allur eiga að dragast frá matsverðinu. Farmur skipsins var seldur á £ 7679—0—0, en frá þeirri fjárhæð ber að draga sölukostnað í Englandi, sem þykir hæfilega áætlaður 8% af söluverðinu. Samkvæmt þessu verður verðmæti hins bjargaða samtals um 630 þús- und krónur.

Að þessu öllu athuguðu þykja björgunarlaunin í heild hæfilega ákveðin kr. 160000.00. Ber stefnda að greiða stefnendum þá fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað (þar með talinn matskostnað), sem telst hæfilega ákveðinn kr. 8500.00.

Samkvæmt 1. tölulið 236. gr. siglingalaganna viðurkennist og sjóveðréttur í b/v Þorfinni RE 33 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Í dóminum áttu sæti þeir Árni Tryggvason borgardómari og meðdómendurnir Hafsteinn Borgþórsson útgerðarmaður og Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndi, h.f. Valur, greiði stefnendum, eigendum og skipverjum b/v Óla Garða, kr. 160000.00 með 6% ársvöxtum frá 10. febrúar 1945 til greiðsludags og kr. 8500.00 í málskostnað. Eiga stefnendur sjóveðrétt í b/v Þorfinni R.E. 33 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. desember 1945.

Nr. 60/1944. H/f Alliance (Gunnar Þorsteinsson)
gegn

Sjómannafélagi Reykjavíkur
(Sigurgeir Sigurjónsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson
og hrl. Theódór B. Líndal í stað
hrd. Árna Tryggvasonar og hrd.
Jóns Ásbjörnssonar.

Ágreiningur um kjör sjómanns á togara.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. maí 1944, krefst þess, aðallega að hann verði